

Fimmtudaginn 16. nóvember 2000.

Nr. 146/2000.

Íslenska ríkið

(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)

gegn

Þorsteini Jónssyni

Þórhalli Sigurðssyni og

Örnólfi Árnasyni

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

og gagnsök

Höfundarréttur. Aðild. Skaðabætur. Miskabætur.

Félagið Ó framleiddi tvær kvikmyndir á árunum 1981 og 1983. Þegar kvikmyndafélagið var lýst gjaldþrota á árinu 1986 voru kvikmyndirnar seldar ÞJ á nauðungaruppboði, með öllum þeim réttindum sem tilheyrðu framleiðanda. Í janúar 1988 gerðu ÞJ og menntamálaráðuneytið með sér tvo samninga um rétt til sýninga kvikmyndanna í skólum og öðrum fræðslustofnunum í eigin þágu þessara stofnana á Íslandi í fimm ár. Gerði ÞJ samninginn fyrir hönd eigenda myndanna. ÞJ, ÞS og Ö, sem töldu sig fara sameiginlega og óskipt með höfundarrétt að kvikmyndunum, héldu því fram að þrátt fyrir að samningarnir hefðu verið tímabundnir hefðu kvikmyndirnar verið notaðar til kennslu allt fram á skólaárið 1997 til 1998 og hafi samkomulagi um frekari greiðslu af kvikmyndunum verið hafnað. Höfðuðu þeir því mál gegn íslenska ríkinu (Í) til greiðslu bóta fyrir fjártjón og miska. Talið var að Í hefði ekki hrakið fullyrðingar ÞJ, ÞS og Ö um að þeir ættu höfundarrétt að kvikmyndunum. Í málinu lá fyrir að kvikmyndirnar höfðu verið leigðar út 14 mánuðum lengur en samningar kváðu á um, en frekari afnot myndanna voru talin ósönnuð. Menntamálaráðuneytið var sem samningsaðili talið hafa borið ábyrgð á því að sýningum kvikmyndanna var haldið áfram þó að réttur til sýninga þeirra hafi verið liðinn. Talið var að um hefði verið að ræða saknæm brot á höfundarrétti ÞJ, ÞS og Ö og að þeir ættu rétt til bóta á grundvelli 1. mgr. 56. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Þá voru þeir taldir eiga rétt á miskabótum á grundvelli 2. mgr. 56. gr. höfundalaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. apríl 2000. Hann krefst aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefndu og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess að dæmdar bætur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti felldur niður.

Gagnáfrýjendur áfrýjaðu málinu með stefnu 6. júní 2000. Þeir krefjast þess aðallega að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða 15.180.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 24. janúar 1993 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess að héraðsdómur verði staðfestur.

I.

Málsatvik eru reifuð í héraðsdómi. Svo sem þar greinir gerðu gagnáfrýjandi Þorsteinn Jónsson og menntamálaráðuneytið með sér tvo samninga 25. janúar 1988 um rétt til sýninga tveggja kvikmynda „í skólum og öðrum fræðslustofnunum í eigin þágu þessara stofnana (non-commercial, institutional rights) á Íslandi“ í fimm ár til 24. janúar 1993. Samningana gerði Þorsteinn fyrir hönd eigenda myndanna, svo sem í samningunum greinir. Gagnáfrýjendur fullyrða að þeir fari sameiginlega og óskipt með allan höfundarrétt að kvikmyndunum. Hafa þeir lagt fram samninga við höfunda skáldsagna þeirra sem kvikmyndirnar eru byggðar á svo og samninga við höfunda tónlistar. Þeir fullyrða jafnframt að þeir hafi ráðið starfsmenn til verksins og gert upp við þá sem og við fyrrnefnda aðila. Samningar þessir voru gerðir í nafni Kvikmyndafélagsins Óðins hf. sem hafi verið í eigu þeirra félaga. Við gjaldprotaskipti á kvikmyndafélaginu voru eignir þess seldar á nauðungaruppboði 26. júní 1987, þar á meðal réttindi framleiðanda framangreindra mynda. Hæstbjóðandi á uppboðinu var Þorsteinn Jónsson. Samkvæmt 8. gr. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. 1. gr. og 5. gr. sömu laga, geta framleiðendur kvikmyndaverks öðlast höfundarrétt að verki sínu. Hefur aðaláfrýjandi ekki hrakið fullyrðingu gagnáfrýjenda um að þeir eigi höfundarrétt að þessum kvikmyndum. Ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um að þeir séu réttir aðilar dómsmáls þessa.

II.

Eins og að framan greinir sömdu menntamálaráðuneytið og Þorsteinn Jónsson fyrir hönd eigenda kvikmyndanna um það 25. janúar 1988 að ráðuneytið keypti rétt til sýninga á umræddum kvikmyndum í skólum og öðrum fræðslustofnunum hér á landi í fimm ár. Fyrir þennan rétt greiddi ráðuneytið sex milljónir króna. Fram er komið að kvikmyndirnar voru lánaðar út til loka marsmánaðar 1994 eða 14 mánuðum lengur en samningar kváðu á um. Af hálfu gagnáfrýjenda hafa ekki verið færðar fram nægar líkur fyrir frekari afnotum myndanna og ber að staðfesta héraðsdóm um að þau séu ósönnuð. Staðfesta ber héraðsdóm um að menntamálaráðuneytið sem samningsaðili hafi borið ábyrgð á því að sýningum kvikmyndanna var haldið áfram þó að réttur til sýninga þeirra hafi verið liðinn.

Gagnáfrýjendur krefjast skaðabóta og reisa málatilbúnað sinn á því að afnot kvikmyndanna eftir að samningsbundnum afnotum lauk hafi verið ólögmæt og saknæm. Fallast ber á það með héraðsdómi að framangreind afnot hafi eftir að samningstíma lauk verið saknæm brot á höfundarrétti gagnáfrýjenda og beri þeim bætur úr hendi aðaláfrýjanda vegna þeirra, sbr. 1. mgr. 56. gr. höfundalaga. Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann um að eðlilegast sé að miða fébætur við það endurgjald er menntamálaráðuneytið samdi um fyrir sýningarréttinn með samningunum 25. janúar 1988. Gögn málsins bera það hins vegar með sér að við ákvörðun endurgjaldsins hafi verið litið til fleiri atriða en viðskiptalegra sjónarmiða. Þykir mega hafa það í huga við ákvörðun bótanna. Samkvæmt 2. mgr. 56. gr. höfundalaga skal dæma höfundi miskabætur úr hendi þess sem raskað hefur rétti hans með ólögmætri háttsemi. Með því að rétti gagnáfrýjenda var raskað á ólögmætan hátt ber að dæma þeim miskabætur. Bæði fjártjón og miska verður að meta nokkuð að álitum og er rétt eins og hér háttar til að ákveða bæturnar í einu lagi. Með framangreind sjónarmið í huga þykir rétt að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum bætur fyrir brot á höfundarrétti þeirra, sem teljast hæfilega ákveðnar í heild 1.600.000 krónur.

Krafa gagnáfrýjenda um skaðabætur var fyrst sett fram með bréfi þeirra til menntamálaráðherra 11. nóvember 1998. Er því rétt samkvæmt 15. gr. vaxtalaga að miða upphafstíma dráttarvaxta við 11. desember sama árs.

Samkvæmt framangreindri niðurstöðu er rétt að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað, svo sem nánar er kveðið á um í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, íslenska ríkið, greiði gagnáfrýjendum, Þorsteini Jónssyni, Þórhalli Sigurðssyni og Örnólfi Árnasyni, 1.600.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 11. desember 1998 til greiðsludags og samtals 600.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. febrúar 2000.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum flutningi 24. janúar sl., er höfðað með stefnu sem er árituð um viðtöku 20. maí 1999.

Stefnendur eru Þorsteinn Jónsson, kt. 061246-6969, Mjóuhlíð 6, Þórhallur Sigurðsson, kt. 230546-3989, Ránargötu 33, og Örnólfur Árnason, kt. 150241-2519, Bræðraborgarstíg 8, allir í Reykjavík.

Stefndi er íslenska ríkið og er fjármála- og menntamálaráðherra stefnt fyrir þess hönd.

Dómkröfur stefnenda eru að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim skaðabætur að fjárhæð 15.180.000 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 24. janúar 1993 til greiðsludags. Þá er og krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar en til vara að kröfur stefnenda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

II.

Stefnendur kveða málavexti vera þá að á árunum 1981 og 1983 hafi Kvikmyndafélagið Óðinn hf. framleitt kvikmyndirnar Punktur, punktur, komma, strik og Atómstöðina. Framleiðsla kvikmyndanna hafi verið samkvæmt samningi við höfunda skáldsagnanna, sem þær byggjast á. Auk þess hafi verið gerðir sérstakir samningar við höfunda tónlistar og aðra starfsmenn er til þurfti.

Kvikmyndafélag þetta var lýst gjaldþrota 10. febrúar 1986 og að kröfu skiptaréttar voru eignir þess seldar á nauðungaruppboði 26. júní 1987, þar á meðal framangreindar kvikmyndir. Segi í endurriti uppboðsbókar að kvikmyndaverkin séu seld með öllum þeim réttindum er tilheyrðu framleiðanda. Hæstbjóðandi á nauðungaruppboðinu var einn stefnenda máls þessa, Þorsteinn Jónsson.

Þegar stefnandi var orðinn eigandi allra réttinda framleiðenda að kvikmyndunum gerði hann tvo samninga um þær við menntamálaráðuneytið 25. janúar 1988. Samkvæmt samningunum veitti Þorsteinn, f.h. eigenda kvikmyndanna, menntamálaráðuneytinu rétt til að fjölfalda og sýna í skólum og öðrum fræðslustofnunum hér á landi báðar kvikmyndirnar í 5 ár, til 24. janúar 1993. Fyrir þennan afnotarétt greiddi ráðuneytið samtals 6 milljónir króna fyrir fram. Menntamálaráðuneytið fól Námsgagnastofnun umsjón með framkvæmd samningsins og samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins lét Námsgagnastofnun gera 35 eintök af hvorri mynd. Af þeim hefur ráðuneytið afhent stefndum 22 eintök af annarri myndinni og 24 af hinni en ekki er vitað um afdrif hinna eintakanna.

Stefnendur segja að þrátt fyrir að samningarnir um kvikmyndirnar væru tíma-bundnir hafi Námsgagnastofnun og ráðuneytið látið það viðgangast að þær væru notaðar við kennslu allt fram á skólaárið 1997 til 1998.

Stefnendur kveðast ítrekað hafa reynt að ná samkomulagi við stefnda um greiðslu fyrir afnot af kvikmyndunum en því verið hafnað. Þeir hafi staðið þrír að Kvikmyndafélaginu Óðni hf. og tóku þátt í gerð kvikmyndahandritanna auk þess sem Þórhallur Sigurðsson var upptökustjóri á myndinni Punktur, punktur, komma, strik og Örnólfur Árnason framleiðslustjóri Atómstöðvarinnar. Samkvæmt því fari stefnendur með allan rétt að þessum kvikmyndum og fari sameiginlega og óskipt með höfundarrétt að þeim.

Stefnendur kveða fjárkröfu sína vera tvíþætta. Í fyrsta lagi sé krafist bóta fyrir fjártjón að fjárhæð 10.180.000 krónur. Sú krafa sé grundvölluð á framreiknuðu verði upphaflegu samninganna miðað við lánskjaravísitölu í janúar 1993 og er sá reikningur unninn af tryggingafræðingi. Samkvæmt útreikningum hans hafi 3.000.000 króna í janúar árið 1988 jafngilt 5.090.000 krónum í janúar 1993 en samtals 10.180.000 krónur fyrir báðar kvikmyndirnar. Í öðru lagi er krafist miskabóta að fjárhæð 5.000.000 króna.

Að öðru leyti en að framan greinir lýsir stefndi málavöxtum á þá leið að samningarnir við Kvikmyndafélagið Óðinn hf. hafi átt sér þann sérstaka aðdraganda að fjárhagserfiðleikar þess hafi ráðið því að stefnandi, Þorsteinn Jónsson, ásamt fleirum hafi óskað eftir því að stefndi keypti rétt til sýningar myndanna. Þar sem Námsgagnastofnun taldi myndirnar hafa gildi fyrir kennslu, einkum til kynningar á íslenskum bókmenntum og kvikmyndagerð, hafi verið óskað eftir sérstakri fjárveitingu til samninganna. Samningsverðið hafi verið óvenjuhátt og ekki í samræmi við það verð sem greitt hafði verið fyrir íslenskar kvikmyndir í fullri lengd til sýninga í skólum. Helgaðist óvenjuhátt kaupverð og stuttur samningstími helst af því að öðrum þræði var um styrk að ræða. Samkvæmt gögnum málsins hafi meðalverð á ári fyrir 3 aðrar kvikmyndir sem keyptar höfðu verið til 12 ára, framreiknað til mars árið 1993, verið frá 113.700 krónum til 220.000

króna en kaupverð myndanna sem um ræði í þessu máli framreiknað til sama tíma sé 1.042.800 krónur fyrir hvert ár.

Í greinargerð stefnda er fjallað um það að stefnandi, Þorsteinn, hafi haldið því fram að myndirnar hefðu verið í notkun í skólum landsins eftir að samningstíminn hafi verið runninn út. Þrátt fyrir það hafi hann enga sönnun fært fram fyrir þeirri fullyrðingu og stefnendur hafi ekki andmælt notkun myndanna, þrátt fyrir þennan grun sinn, eða nýtt sér réttarúrræði til þess að leggja bann við hinum ætluðu sýningum. Af hálfu menntamálaráðuneytisins hafi það verið kannað hjá Námsgagnastofnun hvort rétt væri að myndirnar hefðu verið sýndar eftir að samningstíma lauk. Í greinargerð frá Námsgagnastofnun komi fram að myndirnar hafi ekki verið innkallaðar fyrr en í marsmánuði 1994 og að fengnum þeim upplýsingum hafi því verið beint til Námsgagnastofnunar að eiga viðræður við stefnendur um lausn málsins en enginn árangur hafi orðið af þeim viðræðum.

III.

Stefnendur byggja málsókn sína á því að menntamálaráðuneytið hafi notað kvikmyndirnar, sem þeir eigi í sameiningu höfundarrétt að, eftir að samningsbundnum afnotum lauk. Þessi afnot hafi falið í sér ólögmæta og saknæma háttsemi ráðuneytisins, sem íslenska ríkið beri ábyrgð á. Hin ólögmæta háttsemi hafi varað til loka skólaársins 1997 til 1998 og því falið í sér stórfellt brot.

Fjárkröfurnar kveðast stefnendur byggja á því að dómstólar leggja að jafnaði til grundvallar bótum fyrir fjárhagslegt tjón í málum vegna brota á höfundarrétti það verð sem greiða hefði þurft fyrir verkið eða afnot af því samkvæmt gjaldskrá ef um afnotin hefði verið samið. Í þessu tilfelli sé ekki til að dreifa gjaldskrá fyrir afnot kvikmynda, hins vegar liggi fyrir það verð sem menntamálaráðuneytið greiddi fyrir samningsbundin afnot til fimm ára á árinu 1998. Við ákvörðun skaðabóta fyrir fjártjón í þessu máli verði að leggja til grundvallar verðmæti samningsfjárhæðarinnar árið 1993 þegar hin ólögmætu afnot hófust. Að öðrum kosti hagnist hinn brotlegi á ólögmætri og saknæmri háttsemi sinni.

Auk bóta fyrir hið fjárhagslega tjón krefjast stefnendur miskabóta og telja að dæma beri þær ríflega í ljósi þess hve brotið er stórfellt og hversu freklega menntamálaráðuneytið hafi gengið á rétt þeirra sem höfunda.

IV.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að stefnendur eigi ekki aðild að málinu, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Bendir hann á að ekki séu komin fram nægilega traust gögn til að slá megi því föstu að stefnendur eigi höfundarrétt að myndunum en ekki aðrir. Ekki hafi verið lagðir fram samningar um það á hendi hverra höfundarréttur sé eða til hverra

greiðslur hafi runnið eða í hvaða hlutföllum. Kvikmyndafélagið Óðinn hf. kunni að hafa átt höfundarréttinn en það hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta og ekki sé vitað á hendur hverra höfundarrétturinn hafi færst við sölu kvikmyndanna á nauðungaruppboði þótt stefnendur haldi því fram að Þorsteinn Jónsson hafi keypt rétt framleiðanda á uppboðinu. Þá sé ekki upplýst hvort stefnendur eigi jafnan höfundarrétt eða skiptan.

Af hálfu stefnda er því mótmælt að menntamálaráðuneytið hafi notað kvikmyndirnar eftir lok samnings um afnot þeirra. Þegar stefnandi, Þorsteinn Jónsson, hafi vakið athygli á þeim grun sínum að myndirnar væru enn í notkun hafi ekki verið vitað um það af hálfu menntamálaráðuneytisins. Kveður stefndi hér vera um ranga málsútlitun að ræða og örökstuddar kröfur sem eigi að leiða til sýknu af öllum kröfum stefnenda. Á engum stigum hafi verið til að dreifa ólög-mætri eða saknæmri háttsemi menntamálaráðuneytisins eða starfsmanna þess.

Þá er því mótmælt af hálfu stefnda að stefnendur hafi orðið fyrir fjártjóni. Þeir hafi ekki sannað tjón sem afleiðingu af ætluðum óheimilum útlánum myndanna þannig að stefndi hefði haft af því sérstakan ávinning. Um bótarétt færi eftir 56. gr. höfundalaga nr. 73/1972 auk almennra reglna fébótaréttar. Ósannað sé að hve miklu leyti myndirnar hafi verið sýndar, þrátt fyrir útlán. Engu tjóni sé fyrir að fara, enda hafi verið fyrir sýningarréttinn verið svo hagstætt að það hefði réttlætt rúmlega 20 ára samningstíma, miðað við aðra sambærilega samninga. Af þessum ástæðum sé kröfum stefnenda og ætluðu tjóni eindregið mótmælt sem ósönnuðu, enda megi bætur samkvæmt nefndri lagagrein ekki nema hærri fjárhæð en ávinningi. Svo sem fram komi í gögnum málsins virðist sem myndirnar hafi ekki verið fénýttar eftir að samningsbundnum tíma lauk. Ekki sé vitað til þess að þau útlán sem munu hafa farið fram hjá Námsgagnastofnun í um 13 mánuði eftir að samningsbundnum tíma lauk hafi skert möguleika á sölu myndanna á öðrum markaði, en stefnendur hafa ekki sýnt fram á að myndirnar hafi á þessum tíma verið á myndbandaleigumarkaði, til sýninga í sjónvarpi, eða fénýttar á annan hátt. Endurgjald fyrir myndirnar tvær hafi verið mjög hátt, svo sem aðdragandi samninganna sé til vitnis um. Stefnendur hafi ekki sýnt fram á að myndirnar séu hlutfallslega verðmætari en aðrar sambærilegar að lengd þegar þær hafa verið seldar til sýninga í sjónvarpi. Ekki hafi stefnendur heldur sýnt fram á með gögnum að aðsókn að þeim hafi verið meiri í kvikmyndahúsum eða að þær hafi verið leigðar út á myndbandamarkaði.

Stefndi mótmælir því sem röngu og ósönnuðu að útlán myndanna eða notkun þeirra hafi varað lengur en bréf Námsgagnastofnunar sé til vitnis um, eða í um það bil 13 mánuði eftir að samningsbundnum tíma lauk. Eftir það hafi myndirnar verið innkallaðar og ekki lánaðar út eða sýndar. Samningarnir hafi verið um rétt til sýninga en ekki leigusamningar. Í þeim hafi engin ákvæði verið um skiladag eintakanna til rétthafa og ekki kveðið á um sérstaka innköllun mynd-

anna eða að gera hafi átt sérstakar ráðstafanir til að stöðva útlán. Það hafi fremur verið skylda eigenda myndanna að afturkalla þær úr vörslum handhafa þeirra strax er samningstíma lauk, enda hafi þeim borið að takmarka tjón sitt eftir almennum reglum. Á grundvelli þessa sé því ekki unnt að líta svo á að útlánin hafi verið óheimil eða brot á höfundarrétti, sbr. 21. og 24. gr. höfundalaga, enda hafi útlánin ekki verið til almennings heldur aðeins til fræðslu í skólum. Stefndi mótmælir því að um saknæma háttsemi hafi verið að ræða eða að brotin hafi verið stórfelld. Verði ekki annað séð en að útlánin hafi farið fram vegna gáleysis Námsgagnastofnunar um samningstíma.

Í bréfi forstjóra Námsgagnastofnunar 17. janúar 1996 sé upplýst að á tíma-bílinu frá 25. janúar 1993 til loka marsmánaðar 1994 hafi kvikmyndin Atómstöðin verið lánuð út í 16 skipti og kvikmyndin Punktur, punktur, komma, strik í 35 skipti.

Miskabótakröfu stefnenda er mótmælt á þeim grundvelli að ekki sé vitað til þess að kvikmyndirnar hafi á einhvern hátt verið afbakaðar eða listrænu gildi þeirra verið raskað. Útlán þeirra hljóti fremur að hafa aukið á heiður réttshafa þeirra en hitt, enda hafi þeir ekki gert sérstakar ráðstafanir til að banna sýningar myndanna þótt forgöngumanni þeirra hafi talið sér kunnugt um sýningarnar. Telur stefndi því engin efni til að dæma stefnendum miskabætur, enda hafi ekki verið til að dreifa sök starfsmanna hans.

Varakröfu sína um stórfellda lækun á kröfum stefnenda byggir stefndi á því að ekki verði byggt á samningunum um kvikmyndirnar, sem gerðir voru við rétt-hafa þeirra í janúar 1988. Bætur verði aðeins dæmdar að álitum miðað við sann-gjarnt meðalverð fyrir kvikmyndir í fullri lengd til notkunar í grunnskólum í um það bil 13 mánuði, en engin útlán eða sýningar hafi farið fram eftir lok mars-mánaðar 1994. Stefnendur hafi heldur ekki lagt fram sérstaka gjaldskrá eða við-miðanir. Eðlilegra sé á allan hátt að miða við það verð sem greitt hafi verið fyrir sambærilegar myndir en útlistun á því sé að finna í gögnum málsins. Til stuðn-ings lækunarkröfunni er ennfremur áréttað að samningar vegna þessara mynda hafi verið óvenjulegir og ekki á viðskiptalegum forsendum eins og tíðkist um aðrar kvikmyndir. Þá hafi þeir ekki verið til fjárhagslegs ávinnings fyrir stefnda. Loks telur stefndi að líta beri til tómlætis stefnanda, sem virðist kunnugt um notkun myndanna þegar í mars 1993 en geri ekki reka að því að takmarka tjón sitt eða leggja bann við notkun þeirra. Þá beri og að líta til þess að myndirnar voru lánaðar í fá skipti eftir að samningstíma lauk.

V.

Á árunum 1981 og 1983 framleiddi Kvikmyndafélagið Óðinn hf. kvikmynd-irnar Punktur, punktur, komma, strik og Atómstöðina og voru þær byggðar á samnefndum skáldsögum. Félagið hafði samið við höfunda skáldsagnanna um

kvikmyndunina og einnig samdi það við höfunda tónlistar og eru þessir samningar meðal gagna málsins. Samkvæmt samningunum fengu nefndir höfundar greiðslur fyrir notkun verka sinna í kvikmyndunum og einnig eru þar ákvæði um greiðslur í framtíðinni. Með vísan til þessa svo og 8. gr. höfundalaga nr. 73/1972 er í ljós leitt að Kvikmyndafélagið Óðinn hf. átti höfundarrétt að kvikmyndunum.

Hlutfélagið var tekið til gjaldþrotaskipta 10. febrúar 1986 og að kröfu skiptaréttar voru nefndar kvikmyndir seldar á nauðungaruppbóði 26. júní 1987. Á uppbóðinu keypti stefnandi, Þorsteinn Jónsson, báðar kvikmyndirnar „með öllum þeim réttindum er tilheyra framleiðanda“.

Þorsteinn Jónsson og fyrirtæki hans höfðuðu mál á hendur stefnda í nóvember 1996 til greiðslu sömu kröfu og er til umfjöllunar í þessu máli. Málinu lauk 22. október 1998 með því að Hæstiréttur vísaði því frá héraðsdómi. Í þinghaldi 24. júní 1997 hafði lögmaður stefnenda lýst „því yfir að aðild sóknarmegin sé hjá Þorsteini Jónssyni, Örnólfi Árnasyni og Þórhalli Sigurðssyni“, þ.e. stefnendum þessa máls. Þrátt fyrir þetta gengu þeir Þórhallur og Örnólfur ekki inn í eldra málið. Þeir standa hins vegar allir þrír að þessu máli og í stefnu er gerð grein fyrir því að þeir hafi tekið þátt í gerð handrita kvikmyndanna, auk annarra starfa við töku þeirra.

Í 8. gr. höfundalaga segir að höfundur verks teljist sá, uns annað reynist, sem tilgreindur er á eintökum þess með venjulegum hætt eða lýstur er höfundur, þegar verk er birt. Síðar í sömu grein segir að þessum ákvæðum skuli einnig beita um framleiðanda kvikmyndaverks. Ekki hafa verið lögð fram eintök af kvikmyndunum og ekki liggur fyrir neinn gerningur um framsal Þorsteins Jónssonar til annarra stefnenda á þeim rétti, eða hluta hans, sem hann keypti á nauðungaruppbóðinu. Að svo vöxnu máli er ekki á öðru að byggja en framangreindri yfirlýsingu lögmanns stefnenda frá 24. júní 1997 og þar eð ekki hefur verið sýnt fram á annað, verður að líta svo á að stefnendur eigi höfundarrétt að kvikmyndunum og séu því réttir aðilar að málinu.

Eins og að framan var gerð grein fyrir sömdu menntamálaráðuneytið og Þorsteinn Jónsson, fyrir hönd eigenda, um það 25. janúar 1988 að ráðuneytið keypti rétt til sýninga á umræddum kvikmyndum í skólum og öðrum fræðslustofnunum hér á landi í fimm ár frá þeim degi að telja. Fyrir þennan rétt greiddi ráðuneytið sex milljónir króna. Þrátt fyrir að samningsbundnum afnotum lyki er það viðurkennt af stefnda að kvikmyndirnar voru lánaðar út til loka marsmánaðar 1994 eða 14 mánuðum lengur en samningar kváðu á um. En ósannað er að þær hafi verið lengur í útláni, þrátt fyrir að starfsmenn stefnda hafi ekki skilað öllum þeim eintökum, sem gerð voru af kvikmyndunum í upphafi samningstímans. Útlán kvikmyndanna, bæði meðan á samningstímanum stóð og eins eftir að honum lauk, voru á vegum Námsgagnastofnunar en á þeirri stofnun ber mennta-

málaráðuneytið ábyrgð, sbr. lög nr. 23/1990. Það skiptir því engu máli við úrlausn málsins hvað starfsmenn ráðuneytisins vissu eða máttu vita um útlán kvikmyndanna. Útlán þeirra, eftir að samningarnir voru úr gildi fallnir, verður að meta sem saknæmt atferli af hálfu starfsmanna stefnda og braut það gegn rétti stefnenda. Verður fallist á þá kröfu þeirra að þeim beri bætur úr hendi stefnda.

Við ákvörðun bótafjárhæðar er eðlilegast að taka mið af samningunum frá 25. janúar 1988, enda verður að ætla að menntamálaráðuneytið hafi með þeim fallist á að greiða það verð fyrir sýningarréttinn á þessum kvikmyndum, sem það taldi eðlilegast. Kemur því ekki til skoðunar hvaða verð það greiddi fyrir sýningarrétt á öðrum kvikmyndum, er stefndi telur sambærilegar, á svipuðum tíma. Samkvæmt þessu verða fébætur til stefnenda ákveðnar 1.400.000 krónur.

Samkvæmt 2. mgr. 56. gr. höfundalaga skal dæma höfundi miskabætur úr hendi þess sem raskað hefur rétti hans með ólögmætri háttsemi. Það var ólögmæt háttsemi af hálfu starfsmanna stefnda að sýna kvikmyndir stefnenda eftir að samningar þeirra og menntamálaráðuneytisins féllu úr gildi. Með þessu var rétti stefnenda raskað á ólögmætan hátt og ber þeim því miskabætur, er þykja hæfilega ákveðnar 600.000 krónur.

Mál til heimtu bóta vegna sýninga framangreindra kvikmynda var upphaflega höfðað af Þorsteini Jónssyni með stefnu, sem árituð var um viðtöku 13. nóvember 1996. Það mál var dæmt í héraði 31. október 1997 en með dómi Hæstaréttar 22. október 1998 var því vísað frá héraðsdómi. Þetta mál var síðan þingfest eins og rakið hefur verið. Með fyrri málshöfðuninni var fyrning rofin þannig að dráttarvaxtakrafa stefnenda verður tekin til greina, þó þannig að vextirnir skulu reiknast frá 25. janúar 1993.

Samkvæmt framansögðu skal stefndi greiða stefnendum 400.000 krónur í málskostnað.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnendum, Þorsteini Jónssyni, Þórhalli Sigurðssyni og Örnólfi Árnasyni, 2.000.000 króna með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 25. janúar 1993 til greiðsludags og 400.000 krónur í málskostnað.